

hans hátign konunginum þessi ávörp og lesa þau fyrir honum, 16. dag þ. m.

1874.

26. maí.

Hans hátign konunginum þóknadist allramildilegast að bjóða mér, að fela yður, herra landshöfðingi, á hendur, að færa þeim mönnum, er ritað höfðu nöfn sín undir ávörpin, það svar, að eins og það hefði verið honum geðfellt og gleðilegt að heyra fram fluttar þær hollustu tilfinningar, sem ávörp þessi votta um, eins treysti hann því fastlega, að stjórnarbót sú, er hann í fullu trausti til hins staðfasta frjálsslyndis sinna kæru Íslendinga, hefir veitt Íslandi, muni einmitt vegna þessara tilfinninga, er hann reiði sig á að sé almennar á landinu, verða því til blessunar og efla farsæld þess um ókominn tíma.

Hans hátign konungurinn bætti því við, að eins og það sér-
ilagi hefði verið sér kært, að geta tengt þá hina nýju stjórnar-
skrá við þúsund ára hátíð Íslands, eins væri það ósk hans og
von — svo framarlega sem aðrar stjórnar-annir verði því ekki
til fyrirstöðu — að koma til Íslands á sumri þessu, til þess
að taka sjálfur þátt í fögnuði þjóðarinnar yfir minningu hins
umliðna og vonum hins ókomna tíma.

39. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um byggingu fangelsa.

26. maí.

Til samlags við bréf dómsmálastjórnarinnar 16. f. m. gefum
vér yður til vitundar, að dómsmálastjórnin hefir gjört samning
þann, sem vér nú sendum yður endurrit af, við timburmeistara
Klentx um byggingu fangelsis og þinghúss og ráðstofu á Akur-
eyri og fjögura fangelsa á þessum stöðum: Húsavík, Eskifirði,
Stykkishólmi og Ísafirði, og að *Klentx* samkvæmt þessu ætti jafn-
skjótt og unnt er að senda skip til tæðra hafna með efni í bygg-
ingar þessar; hefir stjórnarráðið jafnframt þessu sent amtmann-
inum yfir norður- og austurumdæminu og sýslumönnum í þeim
sýslum, þar sem byggja skal þessi fjögur fangelsi, er síðast var
getið, beina leið endurrit af samningi þeim, sem gjörður er, með

1874.

26. maí.

tilheyrandi fylgiskjöllum og uppdrætti, og höfum vjer lagt tæðum embættismönnum fyrir, að vísa erfiðismönnum *Klantz's* á byggingarstæði, og svo þegar til þess komi gæta þess, að þeir byggi húsin samkvæmt samningnum og skili þeim af sèr í tilbærilegu standi.

27. maí.

40. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aldursleyfi fyrir prestsefni.

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast 26. þ. m. að veita stúdentum á prestaskólanum Jóni Halldórssyni og Steingrími Jónssyni leyfi til að láta vígjast til prests, jafnskjótt og þeir í águstm. þ. á. hafi tekið burtfararpróf við tæðan skóla, þótt þeir eigi þá sè 25 ára að aldri.

Um leið og vèr tilkynnum yður þetta, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, skal því við bætt, að leyfisbræfin verða send með næstu póstskeipsferð.

27. maí.

41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aðgjörð á dómkirkjunni í Reykjavík.

Í bræfi, dagsettu 15. dag nóvbrm. f. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, leidd athygli dómsmálastjórnarinnar að því, að dómkirkjan í Reykjavík sè mjög af sèr gengin, og stungið uppá, að stjórnarráðið leiti álits reyndra manna um, hvernig hagfelldast væri að koma við aðgjörð á kirkjunni og hvort þá mætti stækka hana.

Eptir að stjórnarráðið hafði leitað álita timburmeistara *Klantz's* um þetta efni, hefir hann látið í ljósi, að hann geti eigi gjört nokkra uppástungu í þessu tilliti eða áætlun um kostnað.